



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Kjartan Kjartansson, deildarstjóri stoð- og tækniþjónustu

Efni: Heimild til að hefja verkefni um stjórnun tilkynninga.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja undirbúning á innkaupum og innleiðingu á kerfi fyrir stjórnun tilkynninga. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi Áætlaður framkvæmdatími uppsetningar og innleiðingar afurðar verkefnisins er frá janúar 2022 til október 2023 en áætlað að kerfið verði tekið í notkun til framtíðar og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 25 m.kr., þar að tilheyra 10 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 15 m.kr. í rekstrarkostnað til þriggja ára þar á eftir.

Forsaga:

Tilkynningar til starfsmanna í dag hafa þann brag yfir sér að vera óformlegar og óáreiðanlegar þar sem almennt er stuðst við Workplace, tölvupóst eða spjallforrit (Teams, Webex eða Workplace Chat). Það hefur gerst að nokkrir starfsmenn hafa sent út tilkynningar vegna sama máls og það skapað óvissu og dregið úr trúverðugleika tilkynninga. Rót eða uppruni tilkynninga verður að vera áreiðanleg sem og boðleiðir og birting þeirra.

Greinargerð:

Verkefnið er fólgið í að skilgreina kröfur fyrir tilkynningakerfi, hafa umsjón með formlegu innkaupaferli þess og innleiða það kerfi sem verður keypt.

Ætlunin er að tilkynningar berist ávallt frá öruggum og traustum stað og að þeim sé stýrt, að útlit þeirra og innihald sé samræmt eftir því sem við á og að þær berist einungis viðeigandi aðilum/hóp t.d. deild, svið, byggingu eða notendum ákveðins kerfis. Þetta mun eiga við allar tilkynningar óháð samskiptaleið.

Framtíðarsýnin er einnig að vera með tilkynningakerfi sem er óháð tæknilegum innviðum og virkar þó að innviðir borgarinnar verði fyrir áfalli t.d. að æðstu stjórnendur séu með smáforrit í sínum og hægt sé að boða til fundar eða senda áriðandi skilaboð til þeirra með þeim mögulega að sendandi sjái hvort og þá hvenær tilkynningin er móttækin í tækinu. Einnig er það öryggissjónarmið að geta látið mikilvægar tilkynningar yfirtaka tölvuskjái starfsmanna t.d. ef ógn steðjar að, rýma þarf byggingu eða einhverskonar neyð ber að garði.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 25 m.kr.

Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Kjartan Kjartansson
Deildarstjóri Stoð- og tækniþjónustu